

17
12. júní

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á næsta aðalfundi Útvegsbankans skal kjósa varamenn fyrir alla fulltrúaráðsmenn til jafnlangs tíma og aðalfulltrúaráðsmennirnir, sem nú eru, eru kosnir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

18
12. júní

L Ö G

um viðauka við lög nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Á eftir „amtsbókasafn Færeyja“ í 1. gr. laganna bætist: og háskólabókasafnið í Winnipeg.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

19
12. júní

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1940 með viðauka.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eignarskatt, álagðan 1940 samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal ekki innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.